

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/73/06

frá 11. október 2013

um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki

(tilkynnt með númeri C(2013) 6599)

(2013/503/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 92/65/EBE er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem gilda um viðskipti innan Evrópusambandsins og innflutning þangað á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sértækum gerðum Evrópusambandsins, sem um getur í viðauka F við þá tilskipun, gilda ekki um.
- 2) Varróaveiki í býflugum er á skrá í viðauka B við tilskipun 92/65/EBE. Henni valda útsníklar, mitlar af ættkvíslinni *Varroa*, og hefur verið tilkynnt um hana um allan heim.
- 3) Í 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE er kveðið á um að ef aðildarríki telur að yfirráðasvæði þess eða hluti af yfirráðasvæði þess sé laus við einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru skráðir í viðauka B við tilskipunina eigi það að leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi gögn, sem eiga að liggja til grundvallar samþykkt á ákvörðun.
- 4) Varróaveiki breiðist út með flutningi á ungvíði býflugna og beinni snertingu milli smitaðra fullvaxinna býflugna. Það síðarnefnda er einungis mögulegt innan flugsvæðis býflugunnar. Af þessum sökum fá yfirráðasvæði einungis viðurkenningu á að þau séu sjúkdómslaus ef hægt er að stýra flutningi á býflugnabúum og ungvíði og ef þau eru nógu einangruð landfræðilega til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi býflugur fari inn á þau. Auk þess verða lögbær yfirvöld að sanna með niðurstöðum

úr langtímavöktunum að svæðið sé í raun laust við varróaveiki og að þeirri stöðu sé viðhaldið með ströngu eftirliti með aðflutningi lifandi býflugna og ungvíðis.

- 5) Finnland hefur farið fram á það við framkvæmdastjórnina að Álandseyjar verði viðurkenndar sem hluti yfirráðasvæðis þess sem er laus við varróaveiki. Í 4. mgr. 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að ákvæði sáttmálanna eigi að gilda um Álandseyjar í samræmi við ákvæðin í bókun 2 við lögum um skilmála vegna aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar.
- 6) Álandseyjar eru eyjaklasi á mörkum Helsingjabotns og Eyrstrasalts og eru því nægilega landfræðilega aðskildar svæðum sem geta verið sýkt af varróaveiki.
- 7) Varróaveiki er tilkynningarskyldur sjúkdómur á Álandseyjum og ekki er hægt að flytja ungvíði í lokuðum hölfum og klaktar, fullvaxnar, lifandi býflugur frá meginlandi Finnlands til Álandseyjanna. Yfirvöld í Finnlandi hafa fylgst með býflugnastofnum eyjanna í nokkur ár. Á grundvelli þess eftirlits getur Finnland nú staðfest að á Álandseyjum sé sjúkdómurinn ekki að finna. Þar af leiðandi er hægt að líta svo á að sá hluti Finnlands sé laus við þennan sjúkdóm.
- 8) Því ætti að skilgreina viðbótarábyrgðirnar, sem krafist er við viðskipti, með hliðsjón af þeim ráðstöfunum sem Finnland hefur þegar komið á með landslöggjöf sinni.
- 9) Til að koma á skilyrðum fyrir fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum vegna flutnings á lifandi býflugum, sem eru lausar við varróaveiki, á milli yfirráðasvæða innan Sambandsins ætti koma á viðbótarvottun í heilbrigðisvottorðinu sem er sett fram í 2. hluta viðauka E við tilskipun 92/65/EBE. Auk þess ætti að auðkenna staðbundnu dýralæknaeinguna á svæðinu eða svæðunum, sem eru laus við varróaveikina, með kóða í Traces-kerfinu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB⁽²⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeingingar í Traces-tölvukerfinu (Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

- 10) Aðflutningur á lifandi býflugum til Sambandsins er aðeins heimilaður með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010⁽³⁾. Til viðbótar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð til að viðhalda sjúkdómalausri stöðu að því er varðar varróaveiki á þeim yfirráðasvæðum sem hafa þá viðurkenningu er rétt að banna aðflutning sendinga af býflugnadrottningum og þeim þernum sem fylgja þeim til Sambandsins ef yfirlýstur lokaákvörðunarstaður sendinganna er yfirráðasvæði sem er laust við varróaveiki.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þau aðildarríki eða yfirráðasvæði þeirra, sem eru skráð í þriðja dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum, eru viðurkennd sem laus við varróaveiki.

2. gr.

1. Aðildarríkin sem eru talin upp í viðaukanum skulu tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt á þeim yfirráðasvæðum sem eru skráð í þriðja dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum:

- varróaveiki er tilkynningarskyld samkvæmt landslögum,
- haft er reglubundið eftirlit til að færa sönnur á að útsníklar, mítlar af ættkvíslinni *Varroa*, séu ekki fyrir hendi.

2. Aðildarríkin sem eru skráð í viðaukann skulu greina framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum eftirlitsins, sem um getur í b-lið 1. mgr., eigi síðar en 31. maí ár hvert.

3. Aðildarríkin sem eru skráð í viðaukann skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum það tafarlaust ef útsníklar, mítlar af ættkvíslinni *Varroa*, finnast á yfirráðasvæðunum sem eru skráð í þriðja dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum.

3. gr.

1. Óheimilt skal vera að flytja sendingar af þeim vörum sem eru skráðar í fimmta dálk töflunnar, sem er sett fram í viðaukanum, inn á yfirráðasvæðin sem eru skráð í þriðja dálk þeirrar töflu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal leyfa að flytja sendingar af þeim vörum sem eru skráðar í fimmta dálk töflunnar í viðaukanum

inn á yfirráðasvæðin sem eru skráð í þriðja dálk þeirrar töflu ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- vörurnar eiga uppruna sinn í öðru aðildarríki eða yfirráðasvæði þess sem er viðurkennt sem laust við varróaveiki skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE,
- sendingunum fylgir heilbrigðisvottorð sem er samið í samræmi við heilbrigðisvottorðið sem er sett fram í 2. hluta viðauka E við tilskipun 92/65/EBE, þar sem eftirfarandi upplýsingum er bætt við í hluta II.2:

„vörur sem eru skráðar í fimmta dálk töflunnar, sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB, sem koma frá aðildarríkjunum eða hlutum þeirra sem eru viðurkenndir sem lausir við varróaveiki skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE og sem ekki hefur verið tilkynnt um varróaveiki í næstliðna 30 daga.“
- allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir smitun sendingarinnar af varróaveiki meðan á flutningi stóð.

4. gr.

1. Aðildarríki skulu ekki leyfa aðflutning á sendingum af býflugum, sem um getur í a-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 206/2010, til Sambandsins ef lokaákvörðunarstaður þeirra, sem fram kemur í reitum I.9, I.10 eða I.12 í heilbrigðisvottorðinu sem fylgir sendingunum, er yfirráðasvæði sem er skráð í þriðja dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum.

2. Þrátt fyrir 1. málsgrein og með fyrirvara um heilbrigðiskröfur vegna innflutnings, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 206/2010, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa aðflutning á sendingunum sem um getur í 1. mgr. til Sambandsins að því tilskildu að lokaákvörðunarstaður þeirra sé breytt í yfirráðasvæði sem er ekki skráð í þriðja dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

VIÐAUKI

Aðildarríki eða yfirlýðingarsvæði þeirra sem eru viðurkennd sem laus við varróaveiki

1	2	3	4	5
ISO-kóði	Aðildarríki	Yfirlýðingarsvæði sem er viðurkennt sem laust við varróaveiki	Kóði í TRACES-kerfinu Staðbundin dýralæknaeining	Vörur sem er bannað að flytja inn á yfirlýðingarsvæði sem er skráð í þriðja dálk
FI	Finnland	Álandseyjar	FI00300 AHVENANMAAN VALTIONVIRASTO	Ungviði í lokuðum hólfum og klaktar, fullvaxnar, lifandi býflugur